




User manual

Panda Futura

R82[®]
by Etac

M1050 - 2024-04-30 - Rev. 15.0



www.etac.com




panda futura[™]

Íslenskur leiðarvísir

EFNISYFIRLIT

Almennt	3
Öryggi	4
Þjónustu- og viðhaldsupplýsingar	5
Vörueuðkenni	6
Mælingar	8
Tákn	9
Flutningur	9
Fylgihlutir	10
Sæti - Festa/losa sætið	11
Halli baks / Framlengingar baks	12
Höfuðstoð	13
Þrýstispelka / Þrýstihandföng	14
Hliðarstoðir / Sveigjanlegar hliðarstoðir	15
Sætisframlenging	15
Fótastoð / Hnakkur	16
Armpúðar og bakki	17
Að festa fixlock festingar	18
Vesti og krossvesti / Bringubeinsbelti	19
5-punkta beltí / Brjóstkassabelti	20
Mjaðmabelti / Y-mjaðmaról	21
Grindarbelti / Ökklaólar	22
Fótaólar / Handaólar	23
H-belti / Hitapoki / Regnskikkja með hettu	24



Almennt

Þú hefur valið tæki frá R82 – alþjóðlegum söluaðila hjálpartækja og búnaðar fyrir börn og unglinga með sérþarfir. Til að nýta sem best þá valkosti sem þetta tæki hefur upp á að bjóða skaltu lesa notendahandbókina fyrir notkun og geyma hana til síðari nota.

Fyrirhugaður tilgangur

Tækið er einingasætakerfi fyrir börn og fullorðna með hreyfihömlun.

Ábendingar

Tækið er hægt að nota af börnum og fullorðnum með hreyfihömlun, sem skortir getu til að halda sætisstöðu. Markhópur tækisins byggir á virknigetu en ekki ákveðnu heilsufari eða aldri Notandinn er sá sem situr í tækinu. Umönnunaraðilinn er sá sem stýrir tækinu. Notandinn má aldrei vera eftirlitslaus í tækinu. Tryggið að umönnunaraðili sinni stöðugu eftirliti. Tækið verður ekki í notkun oftar á daginn á meðan notandinn liggur, stendur eða situr í öðru hjálpartæki eða hefðbundinni vöru. Í flutningum á milli staða hentar tækið börnum og fullorðnum á bilinu 22 kg til tilgreindrar hámarksþyngdar notanda fyrir flutninga.

Frábendingar:

Engar frábendingar eru þekktar.

Varúðarráðstafanir

Sérstök áhersla skal lögð á eftirfarandi atriði varðandi uppsetningu vörunnar og notkun aukahluta fyrir notendur með takmarkanir á:

- taka þarf skynjun og sársaukaskyn sérstaklega til greina með tilliti til þrýstingins sem stoðir tækisins og fylgihlutir valda.
- ef um mikla hreyfingu er að ræða (t.d. ósjálfráðar hreyfingar) skal íhuga að nota tæki með stillanlegri bakstoð.
- ef notandi getur viðhaldið sitjandi stöðu skal nota vöruna með fylgihlutum (t.d. hliðarstoðum, vestum, beltum, stoðum fyrir hendur og bakka).
- geta til að viðhalda stöðu höfuðsins skal íhuga að nota fylgihluti eða vöru sem veitir stuðning við höfuðið.

Notkunarvið

Varan er hönnuð til notkunar innan- og utandyra

Verkfæri sem fylgja með:

- 5 mm sextantlykill

CE Samræmisfyrirlysing

Varan samræmist kröfum reglugerðar um lækningatæki (2017/745).

Fjarlægja verður CE-merkinguna ef:

- tækið er sett saman aftur eftir að hafa verið tekið í sundur
- tækið er ekki notað í samræmi

við fyrirhugaðan tilgang þess og samræmisfyrirlysingu

- notaðir eru varahlutir eða útbúnaður sem ekki er frá R82.

Pegar tækið er notað samhliða öðrum tækjum má slík samsetning ekki vera í því skyni að breyta fyrirhuguðum tilgangi viðkomandi tækja og ekki má breyta tækjunum á þann veg að það geti haft áhrif á samræmi við gildandi kröfur. Aðilinn/ fyrirtækið sem ber ábyrgð á samhliða notkun tækjanna skal tryggja að gildandi kröfur séu uppfylltar.

Dæmi um gildandi kröfur:

- Öryggi efna (lífsamrýmanleiki, eldfimi), vélrænt öryggi (stöðugleiki, hættu á að kremjast, samtengingar), rafmagnsöryggi.



Förgun

Pegar endingartími vörunnar er liðinn skal hún tekin í sundur eftir efnistegundum svo hægt sé að endurvinna eða farga hlutum hennar á réttan hátt. Ef þörf krefur skal hafa samband við næsta söluaðila til að fá nákvæma lýsingu á hverju efni. Hafið samband við staðaryfirvöld til að fá upplýsingar um hvaða valkostir eru í boði fyrir umhverfisvæna endurvinnslu.

Aukabúnaður og varahlutir

Vörunnar frá R82 er hægt að fá með ýmsum aukahlutum, þar með talið vestum og beltum sem eru í samræmi við þarfir hvers notanda. Hægt er að panta varahluti eftir óskum. Tilgreindan aukabúnað má finna á vefsvæði okkar en einnig er hægt að hafa samband við næsta söluaðila til að fá frekari upplýsingar.

Ábyrgð R82

www.etac.com/support

Upplýsingar og leiðbeiningar áður en varan er keypt

Finna má upplýsingar og leiðbeiningar fyrir kaup á www.etac.com, undir vöruheitinu í skjalahlutanum.

by Etac



Öryggi

Aldrei má hylja eða fjarlægja merkingar, tákn eða leiðbeiningar á vörunni og verður þetta að vera staðar og læsilegt þar til endingartími vörunnar er liðinn. Skiptið strax um eða lagfærið ólæsilegar eða skemmdar merkingar, tákn eða leiðbeiningar. Hafið samband við næsta söluaðila til að fá leiðbeiningar.

Ef aukaverkanir eiga sér stað í tengslum við tækið skal tilkynna atvik til söluaðila á staðnum og lögbærna landsyfirvalda tímanlega. Söluaðilinn áframsendir upplýsingar til framleiðandans.

Umönnunaraðili

- Lesið notendahandbókina vandlega fyrir notkun og geymið hana til síðari nota. Röng notkun á þessari vöru getur valdið notanda alvarlegum meiðslum.
- Varan inniheldur smáhluti sem gætu valdið köfnunarhættu ef þeir eru fjarlægðir af fyrirhuguðum stað.
- Notið ávallt réttar aðferðir og hjálpartæki þegar notanda er lyft
- Notandi má aldrei vera eftirlitslaus í stólnum. Tryggið að fullorðinn einstaklingur sinni stöðugu eftirliti
- Aðeins má framkvæma viðgerðir/skipti með nýjum, upprunalegum R82-varahlutum og tengjum og í samræmi við viðmiðunarreglur og viðhaldstímabil sem söluaðili hefur gefið fyrir mæli um.
- Ef einhver vafi leikur á áframhaldandi öruggri notkun á R82 vörunni þinni eða ef einhverjir hlutar ættu að bila skaltu hætta notkun vörunnar strax og hafa samband við söluaðila á staðnum eins fljótt og auðið er.
- Upplýsingar um samsetningu stoðgrindar og sætis, þ.m.t. hámarksálag á samsetningu, má finna á: etac.com
- Upplýsingar um flutninga er að finna í skjalinu „M1460 Flutningar í vélknúnum ökutækjum“ sem fylgir með vörunni.
- Gangið úr skugga um að stöðugleiki vörunnar geti ekki raskast áður en notandi sest í stólinn
- Skoðið vöruna og alla fylgihluti hennar og skiptið út slitnum hlutum fyrir notkun
- Verjið stimpilstöngina gegn rispum, o.s.frv. Mikilvægt er að nota klút eða álíka ef notuð eru verkfæri til að stilla pumpuna
- Varan er prófuð með tilliti til brunapöls á stigi sem kviknar ekki í henni í samræmi við EN 1021-1, EN 1021-2 og ISO 7176-16
- Varan gæti glatað logaþolnum eiginleikum sínum ef aðrir en upprunalegu R82 púðarnir eru notaðir.
- Varan er samþykkt til flutninga í ökutækjum samkvæmt ISO 7176-19. Nánari upplýsingar er að finna í skjalinu „M1460 Flutningar í vélknúnum ökutækjum“ sem fylgir vörunni.
- Varan er metin í samræmi við viðauka D í ISO 7176-19 með tilliti til möguleika á því að spenna belti yfir mjaðmir og óxl. Tækið fær heildareinkunnina „Gott“
- Varan er metin í samræmi við viðauka D í ISO 16840-4:2009 hvað varðar almennt mat á fyrirkomulagi sætakerfis. Varan fær einkunnina „gott“

Umhverfi

- Kannið yfirborðshita vörunnar áður en notandinn er færður í stólinn. Þetta á sérstaklega við um notendur með ónæma húð þar sem þeir finna ekki fyrir hitanum. Ef yfirborðshiti er yfir 41 °C skal leyfa vörunni að kólna fyrir notkun

Notandi

- Ef notandinn er nálægt hámarks álagstakmarki og/eða hefur miklar ósjálfráðar hreyfingar, t.d. rokkandi, ætti að hafa stærri stærð með hærri há. Hleðslu eða aðra R82 vöru í huga

Vara

- Framkvæmið allar stillingar á vörunni og aukabúnaði hennar og gangið úr skugga um að allir snerlar, skráfúrir og sýlgjur séu tryggilega festar fyrir notkun. Geymið öll verkfæri þar sem börn ná ekki til.

Þjónustu- og viðhaldsupplýsingar

Þjónusta og viðhald lækningatækis er að öllu leyti á ábyrgð eiganda hvers tækis.

Ef ekki er hægt að sinna þjónustu og viðhaldi við tæki í samræmi við leiðbeiningarnar kann ábyrgð tækisins að falla úr gildi. Ennfremur getur það komið niður á klínisku ástandi eða öryggi notenda og/eða umönnunaraðila ef tæki er ekki þjónustað og viðhaldið. Ekki sinna þjónustu og viðhaldi á meðan varan er í notkun. Ef þörf krefum skal hafa samband við söluaðila á staðnum til að fá aðstoð við uppsetningu, notkun eða hvernig á að sinna þjónustu og viðhaldi við tækið.

Endingartími

Endingartími vörunnar við venjulega notkun er 8 ár ef öllu viðhaldi og þjónustu er sinnt samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda og skráð svo hægt sé að sýna fram á það.

Endurnotkun

Pessi vara og aukahlutir/íhlutir hennar henta til endurnotkunar.

Endurbætur fyrir endurnotkun

Áður en varan er notuð aftur eða skipt um notanda skal fylgja viðhaldsgátlistanum og hreinsunarleiðbeiningum, ásamt því að skoða hana reglulega.

Tíðni þjónustu

Tíðni skoðana getur breyst eftir notkun og sliti. Mælt er með því að varan sé skoðuð árlega, í hvert sinn sem varan er endurútgefin til notkunar og eftir langtímageymslu (meira en 4 mánuði). Aðili sem hefur skilning á notkun vörunnar skal sjá um skoðunina.

Gátlisti þjónustuskoðunar:

Yfirfarið og stillið eftirfarandi í samræmi við fyrirhugaða notkun:

- Bakhalli og handfang til að læsa bakinu í réttri stöðu.
- Hægt er að setja og læsa fylgihlutum í festingum efst á bakinu með því að nota snerillinn og handföngin sem fest eru í festingunum.
- Innlegg fyrir festingar í baki og sæti eru í góðu standi
- Herðið rær og bolta á vörunni
- Leitið eftir sliti á tengjum og sylgjum
- Leitið eftir merkjum um sprungur eða slitna íhluti
- Allar merkingar á vörunni eru heilar

Gerði við eða skiptið um skemmda eða slitna hluti.

Viðhald

Fyrir hverja notkun er mælt með að:

Þurrka leifar og öhreinindi af vörunni með klút með volgu vatni og mildu hreinsiefni/sápu án klórs og láta stólinn síðan þorna fyrir notkun. Gerið sjónræna skoðun á því hvort einhverjir hlutir séu skemmdir eða slitnir.

Þvottur

Aðalvara

Vöruna má þvo á 60° hita með mildu þvottaefni í 10 mínútur í þvottavél sem er hönnuð fyrir lækningatæki. Notið þurrkunaraðgerð vélarinnar til að þurrka vöruna. Fjarlægjið allan aukabúnað og þvoið hann sérstaklega.

Efni og áklæði

Áklæðið má þvo við hámark 40° hita með mildu þvottaefni í þvottavél.

Takið áklæðið af svampinum fyrir þvott.

Svampur

Svampinn má aðeins þvo í höndunum. Notið volgt vatn og milt hreinsiefni/sápu án klórs og leyfið öllum hlutum að þorna fyrir notkun.

Á meðan og eftir að svampur er þvegin skal ekki beygja, kreista eða snúa upp á hann þar sem það getur haft neikvæð áhrif á formið.

Handþvottur

Einnig er hægt að þvo þessa vöru og fylgihluti hennar í höndunum. Notið volgt vatn og milt hreinsiefni/ sápu án klórs og leyfið öllum hlutum að þorna fyrir notkun.

Sóthreinsun

Vöruna má sóthreinsa með 70% sóthreinsispritti. Mælt er með því að nota klút með volgu vatni og mildu hreinsiefni/sápu án klórs til að þurrka leifar og öhreinindi af vörunni og leyfa henni síðan að þorna fyrir sóthreinsun.

Efni

- Ál
- Plast
- Ryðfritt stál
- Stál
- Efni
- Svampur

Yfirborðsmeðhöndlun

Eftirfarandi aðferðir við meðhöndlun yfirborðs hafa verið notaðar til að verjast tæringu:

- Lakkað yfirborð = Pólýesterdufthúðun eða ED-húðun
- Ólakkaðir hlutar úr áli = rafhúðun
- Ólakkað yfirborð úr stáli = sinkhúðun

VÖRUAUÐKENNI



Panda Futura staðlað og virkt sæti

A) Framleiðandi

Merkinu er komið fyrir í sætinu undir þúðanum til vinstri.

B) Raðnúmer

Merkið er sett í sætið undir þúðanum til hægri.



VÖRUAUÐKENNI


Panda Futura staðlað og virkt sæti

A) Framleiðandi

Merkinu er komið fyrir í sætinu undir púðanum til vinstri.

B) Raðnúmer

Merkið er sett í sætið undir púðanum til hægri.



	Skilvirk sætisdýpt mm (tommur)	Virk sætisbreidd mm (tommur)	Hæð bakstoðar mm (tommur)	Fjarlægð frá armpúða að sæti mm (tommur)	Massi tækis kg (lb)
Panda Active, size 2	240 (9 ½")	220 (8¾")	350 (13¾")	130-180 (5-7")	5.2 (11.5)
Panda Active, size 2½	280 (11")	250 (9¾")	380 (15")	130-180 (5-7")	5.6 (12.3)
Panda Active, size 3	310 (12¼")	290 (11½")	400 (15¾")	130-240 (5-9½")	6.2 (13.7)
Panda Active, size 4	360 (14¼")	320 (12½")	450 (17¾")	130-240 (5-9½")	7.5 (16.5)
Panda Standard, size 1	220 (8¾")	220 (8¾")	290 (11½")	130-180 (5-7")	5.7 (12.5)
Panda Standard, size 2	240 (9½")	220 (8¾")	390 (15¼")	130-180 (5-7")	5.7 (12.5)
Panda Standard, size 2½	280 (11")	250 (9¾")	410 (16¼")	130-180 (5-7")	6.2 (13.7)
Panda Standard, size 3	310 (12¼")	290 (11½")	440 (17¼")	130-240 (5-9½")	7.3 (16.1)
Panda Standard, size 4	360 (14¼")	320 (12½")	535 (21")	180-240 (7-9½")	8.7 (19.2)

	Hámarksmassi notanda kg (lb)	Hámarksmassi notanda við flutning kg (lb)	Vinkill bakstoðs	Staðsetning armpúðar að framan mm (tommur)	Hámarks álag
Panda Active, size 2	30 (66.1)	-	(-4') - (27')	280 (11")	37.2 (82)
Panda Active, size 2½	50 (110.2)	-	(-10') - (20')	280 (11")	57.6 (126.9)
Panda Active, size 3	50 (110.2)	-	(-9') - (27')	370 (14½")	58.2 (128.3)
Panda Active, size 4	60 (132.3)	-	(-6') - (17')	480 (19")	69.5 (153.2)
Panda Standard, size 1	30 (66.1)	-	(-3') - (28')	280 (11")	37.7 (83.1)
Panda Standard, size 2	30 (66.1)	30 (66.1)	(-15') - (32')	280 (11")	37.7 (83.1)
Panda Standard, size 2½	50 (110.2)	50 (110.2)	(-10') - (35')	280 (11")	58.2 (128.3)
Panda Standard, size 3	50 (110.2)	50 (110.2)	(-5') - (36')	370 (14½")	59.3 (130.7)
Panda Standard, size 4	60 (132.3)	57 (125.7)	(-5') - (30')	370 (14½")	70.7 (155.8)

Tákn:



Til notkunar inni og úti



Skoðaðu leiðbeiningar

Nýjasta útgáfan af leiðbeiningunum er alltaf aðgengileg á vefsíðu Etac og hægt að prenta þær í stærri stærðum



Viðvörðun

Þetta tákn birtist í notendahandbókinni ásamt númeri sem vísar til leiðbeininganna hér að neðan. Það vekur athygli á aðstæðum þar sem varan eða öryggi notandans eða umönnunaraðila getur verið í hættu

01 = Hætta á innilokun




02 = Hætta á halla

03 = Flutningur í vélknúnum ökutækjum

05 = Klemmuhætta


FLUTNINGUR

Notaðu alltaf rétta flutnings- og lyftitækni í þessum tilgangi.






9996097901




9996097738




9996097699

N/A



9996097128

N/A




9996097338

N/A




9996097339

N/A



9996097699

N/A




9996097714

N/A



9996097720

N/A



SÆTI

Panda Futura sætið er fánlegt sem (A) STANDARD í 5 stærðum og sem (B) ACTIVE í 4 stærðum.

ACTIVE sætið er lagað til að leyfa meiri hreyfingu í efri útlimum og er tilvalið fyrir virkari börn.

STANDARD sætið er mótað með hliðum sem gefa barninu meiri stuðning og minni hreyfimöguleika. Þörf barns fyrir stuðning mun ákvarða hvaða líkan hentar best. Báðar gerðirnar eru tilbúnar fyrir mikið úrval aukahluta.

FESTA / LOSA SÆTIÐ

Sætið fest:


Settu sætið í millistykkið og ýttu því alveg aftur þar til það „smellur“ á sinn stað.



Ekki nota fyrsta gatið sem það „smellur“ í. Þetta er bara „öryggisgatið“ sem mun „grípa“ sætið ef snerillinn skýst óvart upp úr réttu gati.

Sætið tekið niður:

Opnaðu rauða handfangið (B). Dragðu út snerilinn (A), dragðu sætið fram og lyftu á sama tíma.



HALLI BAKS

Losaðu handfangið (A) til að halla bakinu.




Gríptu þétt í bakið á stólnum áður en þú losar handfangið til að koma í veg fyrir skyndilega halla.



Þegar þú hallar bakinu skaltu gæta þess að fingur klemmast ekki á milli baks og sætis.



Viðvörðun 05 Klemmuhætta á milli baks og grindar/þrýstispeku þegar bakvinkill er stilltur





FRAMLENGING BAKS

1) Hæðarstilling framlengingar baks.


2) Að festa höfuðstoðir og framlengingu baks saman. Stöng höfuðstoða er notuð sem gegnumstöng.



Þegar þú stillir framlengingu baks skaltu gæta þess að fingur klemmast ekki á milli baks stóls og framlengingar baks.



HÖFUÐSTOÐIR



A) Hliðarstilling höfuðstoða.


B) Stilla vinkel höfuðstoða.

C) Stilla vinkel arms höfuðstoða.

D) Hæðarstilling.




A, B, C og D verða að vera lausar til að hægt sé að stilla höfuðstoð á réttan hátt. Þegar rétt staða er ákvörðuð skaltu herða A, B, C og D.




E) Hægt er að snúa stöng höfuðstoða 180° fyrir frekari stuðning að framan.

F) Höfuðstoð með „Svanaháls“ stöng er fánlegt ef venjulega stöngin veitir ekki nægan stuðning að framan.

G) Settu hlífina á höfuðstoðina.



Viðvörðun 05 Klemmuhætta á milli höfuðstuðnings og grindar/þrýstispelku þegar bakið er stillt






ÞRÝSTISPELKA / ÞRÝSTIHANDFÖNG

Panda Standard:

Festingarnar eru festar á bakhliðinni með sexkantslykli (A). Þrýstispelkan/þrýstihandföngin eru fest í festingum sínum á sætisbakinu. Festið með handfanginu (C).


Panda Active:

Byrjaðu á því að festa festingarnar í bakstoðina eins og sýnt er (B). Settu handföngin í festingarnar og hertu varlega (C).



HLIÐARSTOÐIR

Jarlægðu bakpúðann og festu hliðarstoðirnar í raufarnar á sætisbakinu (A).




SVEIGJANLEGAR HLIÐARSTOÐIR

Fjarlægðu bakpúðann og festu sveiflanlegu hliðarstoðirnar í raufarnar (A) á sætisbakinu.

Sveiflanlegu hliðarstoðirnar losna með því að ýta á rauða hnappinn (B) og sveiflast síðan í burtu.



Umönnunaraðili ætti að athuga og smyrja af og til þá hluta sem eru sveiflanlegir - að minnsta kosti á 3ja mánaða fresti.




SÆTISFRAMLENGING

Sætisframlengingin er sett í millistykkið undir sætinu og sett í þá stöðu sem óskað er eftir. Festið með handfanginu (A).


FÓTASKEMILL/ FÓTABRETTI

- A) Notaðu klemmuhandfangið til að setja upp og stilla dýpt stangar fótaskemilsins.
- B) Notaðu handfangið til að halla stöng fótaskemilsins.
- C) Notaðu 6 mm sexkantslykil til að stilla hæð fótaskemilsins.
- D) Notaðu 6 mm sexkantslykil til að halla fótaskemlinum.
- E) Notaðu 6 mm sexkantslykil til að stilla hæð fótabrettisins.
- F) Notaðu 6 mm sexkantslykil til að halla fótabrettinu.



HNAKKUR

- A) Festingarbúnaðurinn er festur með 6 mm sexkantslykli.
- B) Hnakkurinn er festur í búnaðinum og dýptin er stillanleg með því að nota handfangið.



ARMPÚÐAR OG BAKKI

- A) Hæðarstilling á armpúðum.
- B) Stilling á bakkanum, til hliðar.
- C) Dýptarstilling á bakkanum.
- D) Halli bakka er stilltur með því að hallarstillta armpúðana.






Bakkann er aðeins hægt að festa á Panda Futura sem er búinn armpúðum.




Þegar þú stillir armpúðann skaltu gæta þess að fingur klemmast ekki á milli stólsins og handleggsins.




Ekki bera vöruna við armpúðana.







Standard



Active



AÐ SETJA UPP FIXLOCK FESTINGARNAR

Hægt er að setja fixlock festingar á Panda sætið til að festa og stilla ólarnar á auðveldan og fljótlegan hátt. Mjaðmabeltin (85427-x), fráferslubelti (89112-x og 89108-x), 5-punkta beltí (89665-x), bringubelti (85428-x) og beltí/krossvesti (89625-x) geta síðan festast hratt og í rétta stöðu. Sexkantslykil þarf til að setja þau upp.

Að festa á bakið:

- * Sex fixlock festingar (D) eru festar við bakstöðina með sexkantskrúfum. Einnig er hægt að stilla tvær efri fixlock festingarnar í neðri stöðu þannig að hægt sé að stýra böndunum í gegnum púðana (eftir að þeir hafa verið klipptir).
- * Þá er hægt að stýra böndunum á beltinu/krossvestinu og 5-punkta beltinu í gegnum raufarnar og festa með fixlock festingum.

Athugið:

Hægt er að stytta böndin í rétta lengd eftir uppsetningu (vinsamlegast vertu viss um að endarnir séu kantbræddir).

Að festa á sætið:

- * Á hvorri hlið sætisins er eitt millistykki úr gerviefni (A) sett upp með tveimur sexkantskrúfum.
- * Ein fixlock festing (B) er sett upp á báðum hliðum sætisins með sexkantskrúfu fyrir mjaðmabeltin og fráferslubeltið (fráferslugerð (89108).
- * Ef T-gerð fráferslubeltis (89112) er sett upp er fixlock festingum (C) bætt við á báðum hliðum botnsins. Þau eru sett upp með sexkantskrúfu (sett B).
- * Ef 5-punkta beltíð er notað eru tvær fixlock festingar til viðbótar (C) settar á efri hlið bakstöðar.

Notaðu þessa teikningu ásamt lýsingunum á eftirfarandi síðum.

VESTI OG KROSSVESTI

Festu fixlock festingarnar að aftan. Sjá síðu 18


Vestið og krossvestið er hægt að opna og loka með því að nota sylgjur og rennilás.

Fylgdu leiðbeiningunum hér að neðan, ásamt upplýsingum á síðu 18.

- * Festið axlaböndin í beltastefningunum á efra hluta baksins. (A)
- * Festu efri böndin í hliðarnar í beltastefningunum að aftan (B).
- * Festu neðri böndin til hliðar í beltastefningunum á neðri hluta baksins (C).



Gættu þess að allar festingar og stillingar séu rétt settar og festar og athugaðu reglulega.



BRINGUBEINSBELTI

Festu fixlock festingarnar að aftan. Sjá síðu 18


Bringubeinsbeltið er hægt að opna og loka með því að nota sylgjur.


Fylgdu leiðbeiningunum hér að neðan, ásamt upplýsingum á síðu 20.

- * Festið axlaböndin í beltastefningunum á efra hluta baksins. (A)
- * Festu efri böndin í hliðarnar í beltastefningunum að aftan (B).
- * Festu neðri böndin til hliðar í beltastefningunum á neðri hluta baksins (C).



Gættu þess að allar festingar og stillingar séu rétt settar og festar og athugaðu reglulega.





5-PUNKTA BELTI

Festu fixlock festingarnar að aftan. Sjá síðu 18


Hægt er að opna og loka 5-punkta beltinu með því að nota sylgjurnar.

Fylgdu leiðbeiningunum hér að neðan, ásamt upplýsingum á síðu 18.

- * Festu ólarnar (E) í beltafestingunum í sætinu eða í beltafestingarnar (D).
- * Settu notandann í stólinn, sitjandi á „þríhyrningnum“ (F).
- * Ólarnar (D) í hliðunum eru leiðdar í gegnum brautirnar í sætinu og festar í beltafestingar í sætinu.
- * Axlaböndin eru fest í beltafestingarnar á efra baki (A).



Gættu þess að allar festingar og stillingar séu rétt settar og festar og athugaðu reglulega.



BRJÓSTFESTING

Festu fixlock festingarnar að aftan. Sjá síðu 18

Brjóstkassabeltið er hægt að opna og loka með því að nota sylgjurnar.

Fylgdu leiðbeiningunum hér að neðan, ásamt upplýsingum á síðu 18.

- * Festið axlaböndin í beltafestingunum á efra hluta baksins. (A)
- * Festu böndin í hliðarnar í beltafestingunum að aftan (B).



Gættu þess að allar festingar og stillingar séu rétt settar og festar og athugaðu reglulega.

MJAÐMABELTI

Festu fixlock festingarnar í sætinu. Sjá síðu 18


Hægt er að opna og loka mjaðmabeltinu með því að nota sylgjurnar.

Fylgdu leiðbeiningunum hér að neðan, ásamt upplýsingum á síðu 18.

* Festu ólarnar í beltastefningunum undir sætinu (D).



Gættu þess að allar festingar og stillingar séu rétt settar og festar og athugaðu reglulega.



Y-MJAÐMARÓL

Festu fixlock festingarnar í sætinu. Sjá síðu 18

Hægt er að opna og loka Y-mjaðmarólinni með því að nota sylgurnar.

Fylgdu leiðbeiningunum hér að neðan, ásamt upplýsingum á síðu 18.


* Festu ólarnar í beltastefningunum undir sætinu (D).

* Festið ólarnar (E) í brautirnar að framan á sætinu.


Hægt er að skipta um E og D.



Gættu þess að allar festingar og stillingar séu rétt settar og festar og athugaðu reglulega.



GRINDARBELTI




Festu fixlock festingarnar í sætinu. Sjá síðu 18

Fylgdu leiðbeiningunum hér að neðan, ásamt upplýsingum á síðu 18.

- * Opnaðu sylgjurnar (G).
- * Festu ólarnar (D) í beltafestingunum undir sætinu (D).
- * Settu notandann á beltið og lokaðu sylgjunum (G) yfir lærin.



Gættu þess að allar festingar og stillingar séu rétt settar og festar og athugaðu reglulega.



ÖKKLABÖND

Hægt er að opna og loka ökklaböndunum með því að nota franska rennilásinn eða sylgjuna (A).

Fylgdu leiðbeiningunum hér að neðan fyrir uppsetningu.

- * Fjarlægðu sylgjurnar (C).
- * Dragðu böndin (B) í gegnum brautirnar á fótaskemlunum.
- * Festu sylgjurnar (C) aftur og vertu viss um að böndin renni ekki af.



Gættu þess að allar festingar og stillingar séu rétt settar og festar og athugaðu reglulega.

FÓTAÓLAR


Hægt er að opna og loka fótáólunum með því að nota franska rennilásinn eða sylgjuna (A).

Fylgdu leiðbeiningunum hér að neðan fyrir uppsetningu.

- * Opnaðu ólarnar og dragðu þær (A) í gegnum brautirnar í fótaskemlunum.
- * Lokaðu ólunum í kringum fót notandans.



Gættu þess að allar festingar og stillingar séu rétt settar og festar og athugaðu reglulega.



HANDAÓLAR


Hægt er að opna og loka handaólunum með því að nota sylgjuna (A).

Fylgdu leiðbeiningunum hér að neðan fyrir uppsetningu.

- * Festu handaólinu um úlnlið notandans.
- * Festu ólina (B) utan um stöng armþúðans.



Gættu þess að allar festingar og stillingar séu rétt settar og festar og athugaðu reglulega.




H-BELTI

Festu fixlock festingarnar að aftan. Sjá síðu 18.

Hægt er að opna og loka H-beltinu með því að nota sylgjuna.

Fylgdu leiðbeiningunum hér að neðan, ásamt upplýsingum á síðu 18.

- * Festið axlaböndin í beltafestingunum á efra hluta baksins. (A)
- * Festu böndin í hliðarnar í beltafestingunum að aftan (B).




Gættu þess að allar festingar og stillingar séu rétt settar og festar og athugaðu reglulega.

HITAPOKI

- * Settu hitapokann í stólinn.
- * Renndu niður á hliðunum á pokanum og settu notandann í hann.
- * Lokaðu síðan pokanum.

Það eru franskir rennilásar á hliðum pokans sem gera það einnig mögulegt að nota mjaðmabelti.



Gættu þess að allar festingar og stillingar séu rétt settar og festar og athugaðu reglulega.



REGNSKYKKJA MEÐ HETTU

Regnskykkjan fer yfir sætisbakið. Utan um líkama notandans og undir fótstoðinni. Þannig hylur hún líka stólinn.



Gættu þess að allar festingar og stillingar séu rétt settar og festar og athugaðu reglulega.



Etac Ltd.

Unit 60, Hartlebury Trading Estate,
Hartlebury, Kidderminster,
Worcestershire, DY10 4JB
+44 121 561 2222



Gelbart AG

Tribschenstraße 64
CH-6005 Luzern
+41 41 367 70 17



R82 A/S

Parallevej 3
DK-8751 Gedved



+45 796 858 88



R82@etac.com



www.etac.com

